

Skíðagöngunámskeið II FFA

Febrúar til mars 2024

Ferð	Dagsetning	Vikudagur	Tími
1.	20. febrúar	Þriðjudagur	17:30
2.	24./25. febrúar	laugardagur/sunnudagur	9:00
3.	27. febrúar	Þriðjudagur	17:30
4.	2./3. mars	laugardagur/sunnudagur	9:00
5.	5. mars	Þriðjudagur	17:30

Fararstjórar áskilja sér rétt til að breyta dagsetningum og leiðum ef veðurspá er óhagstæð

Á virkum dögum eru ferðirnar kl. 17:30 og um helgar kl. 9:00. Stefnt er að því að ferðir á virkum dögum taki um 2 - 4 tíma en ferðir um helgar geta tekið um 4 - 7 tíma með akstri. Gert er ráð fyrir að fara á laugardegi en ef veður hamlar för þá er stefnt á sunnudag.

Þátttakendur þurfa að hafa einhverja reynslu af því að skíða á utanbrautargönguskíðum (gönguskíði sem eru breiðari en venjuleg brautarskíði og með stálköntum), geta beitt þeim og skíðað í 3-4 klst. Á námskeiðinu er farið í ferðir um ótroðnar slóðir í nágrenni Akureyrar, þó ekki í miklu brattlendi. Markmiðið er að vera saman, læra á sjálfan sig og betur á skíðin og hafa gaman.

Hvert farið er hverju sinni fer eftir veðri, snjóalögum og öðrum aðstæðum. Tekin verður ákvörðun með fyrirvara og áskilja fararstjórar sér rétt til að breyta dagsetningum og leiðarvali ef veðurspá og snjóalög eru óhagstæð eða ganga ekki eftir. Upplýsingar um ferðir verða sendar tímanlega í tölvupósti og/eða á faceókarsíðu hópsins.

Staðir sem koma til greina að skíða á: Hlíðarfjall, Reistarárskarð, Súlumýrar, Víkurskarð, Hrossadalur, Lambi á Glerárdal, Kaldbaksdalur og Þorvaldsdalur.

Nauðsynlegur útbúnaður

Utanbrautargönguskíði, skór og stafir.

Ennisljós helst **300 lúm** eða meira.

Þægilegur fatnaður til að ganga í.

Bakpoki fyrir nesti og aukaföt.

Umsjónarmenn eru Bryndís Inda Stefánsdóttir bryndisinda@gmail.com eða í síma 846-6952 og Valgerður Húnbogadóttir hunboga@gmail.com.